

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um veitingu leyfis til dýralækninga.

1. gr.

Dýralæknar sem lokið hafa prófi við dýralæknaháskóla, sem landbúnaðarráðuneytið viðurkennir, og óska eftir leyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi, sbr. lög 77/1981 um dýralækna, skulu senda skriflega umsókn ásamt prófvottorðum og vottorðum um að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fullnægt til landbúnaðarráðuneytisins.

Landbúnaðarráðherra veitir leyfi til dýralækninga á Íslandi að fengnum meðmælum yfirdýralæknis.

2. gr.

Dýralæknakandidat, sem óskar eftir dýralækningaleyfi, skal á síðasta námsári eða að prófi loknu, ljúka eftirfarandi áður en sótt er um leyfi:

- a) Starfa um sex vikna skeið undir haldleiðslu héraðsdýralæknis eða héraðsdýralækna.
- b) Starfa í fjórar vikur undir handleiðslu dýralæknis við stofnun, sem nefnd sú er starfar skv. 3. gr. hefur viðurkennt.
- c) Kynna sér sérstaklega búfjársjúkdóma sem algengir eru hér á landi og sögu þeirra.
- d) Kynna sér ítarlega helstu lög og reglur sem varða starfsemi dýralækna, svo sem um heilbrigðiseftirlit, smitsjúkdóma búfjár, innflutning búfjár, lyfjamál, dýraverndarmál, réttindi og skyldur dýralækna, starfsreglur þeirra og gjaldskrá.

Yfirdýralæknir skal, að höfðu samráði við nefnd þá er starfar skv. 3. gr., jafnan hafa tiltæka skrá yfir lesefni og annað sem dýralæknakandidat þarf að kynna sér skv. c)- og d)-lið þessarar greinar.

3. gr.

Þrjú dýralæknar, einn tilnefndur af yfirdýralækni, annar af landbúnaðarráðuneytinu og sá þriðji af Dýralæknafélagi Íslands, skulu sannreyna þekkingu skv. c)- og d)-lið 2. gr. og meta hvort hún telst fullnægjandi. Skal það staðfest með vottorði. Afrit af vottorðinu skal sent yfirdýralækni.

4. gr.

Nú kemur í ljós við próf skv. 3. gr., að dýralæknakandidat hefur ekki kynnt sér þau mál sem um getur í c)- og d)-lið 2. gr. svo að viðhlítandi verði talið og skal honum þá gefinn frestur til frekari undirbúnings, þó eigi lengri en sex vikur, áður en þekking hans er reynd á nýjan leik.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1981 um dýralækna og öðlast gildi 1. maí 1983.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. janúar 1983.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

REGLUGERÐ**um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.**

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 31. mars 1983, eru allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á 7 sjómílna breiðu svæði utan við línu, sem dregin er úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V, vestur og norður um í 5 sjómílna fjarlægð frá Geirfugladrang í punkt 64°04'9 N, 23°45'0 V og þaðan í 270° réttvísandi. Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er 213° réttvísandi úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí 1983, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita í punkt 63°58'3 N, 23°40'5 V og þaðan í eftirgreinda punkta:

- a) 64°04'9 N, 23°45'0 V.
- b) 64°04'9 N, 23°42'0 V.
- c) 64°20'0 N, 23°42'0 V og þaðan í 90° réttvísandi.

3. gr.

Á tímabilinu frá og með 20 mars til og með 15. maí 1983, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu, bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- a) 63°10'0 N, 22°00'0 V.
- b) 63°25'3 N, 22°00'0 V.
- c) 63°33'7 N, 23°03'0 V.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 10. febrúar 1983, fellur úr gildi reglugerð nr. 605 2. nóvember 1982, um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. janúar 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.